

Hann lét fyrstu fjórum sífóníum sínum fylgja „prógrömm“ í anda Liszts og Berlioz en hafði efasemdir um ágæti slíkra skýringa og dró þær síðar til baka.

Tilurð sífóníu nr. 2 má rekja til þess að árið 1888 fullgerði Mahler óperu sem öðru tónskáldi, Carl Maria von Weber, hafði ekki enst aldur til að ljúka við. Að frumsýningu lokinni bárust honum blómvendir sem sómdu sér vel í íbúð hans næstu vikunar. Í spennufallinu eftir flutninginn ímyndaði Mahler sér að hann væri látinn og lægi í líkkistu umkringdur blómum. Brátt fór tónaljód í einum þætti, *Todtenfeier*, að taka á sig mynd, þar sem dauðinn og hinsta kveðja er yrkisefnið: „Það er hetja fyrstu sífóníu minnar sem hér er lögð til grafar, og líf hennar endurspeglast í tónlistinni.“ Mahler leit á þennan þátt sem hugleiðingu um tilgang lífsins: „Til hvers lifðir þú? Til hvers þjáðist þú? Hefur líf okkar og dauði einhvern tilgang?“

Var er hægt að hugsa sér dramatískara upphaf á sífóníu en það sem hljómar hér. Hinar ýmsu skapgerðir skiptast á: reiðilegar hendingar í sellóum og kontrabössum, brot úr sigurvissu sálmalagi sem vísar til þess sem gerast mun í lokapætti sífóníunnar, kaþólski útfararsöngurinn *Dies irae*, þrumandi ómstriðir hljómar, og – inn á milli – björt hending í fiðlum sem þó tekst aldrei að brjóta jarðarfararstemninguna á bak aftur. Eftir þrumandi niðurlagið þarf enginn að velkjast í vafa um að hér hefur dauðinn borið sigur úr býtum.

Mahler hafði fyrst um sinn í hyggju að láta *Todtenfeier*-kaflann standa einan og sér sem eins konar tónaljód. Það var ekki fyrr en 1893 sem hann bætti við fleiri köflum og ári síðar var *Upprisusífónían* fullgerð. Þar með varð heildarsvipurinn allt annar; líta má á sífóníuna sem 80 mínútna ferðalag frá kirfilega negldu líkkistuloki upphafskaflans til hrifandi himnasælu lokatakanna. Annar kaflinn er ljúfur sveitadans af því tagi sem Austurríkismenn nefna *ländler*; Mahler kallaði þennan og aðra svipaða þætti „rúsínurnar“ í sífóníum sínum. Að álit margra eru þetta auðmeltustu og ánægjulegustu kaflarnir, en ekki hafa allir verið á sama máli. Þegar sífónían var leikin í París árið 1910 gengu bæði Claude Debussy og Paul Dukas á dyr; þeim þótti tónlistin of gamaldags, bera fullmikinn keim af Schubert.

Í fyrstu fimm sífóníum sínum leitaði Mahler margsinnis fanga í *Des Knaben Wunderhorn*, safni þýskra þjóðkvæða sem gefið var út snemma á 19. öld. Þriðji þáttur sífóníunnar er útgáfa fyrir hljómsveit af sönglagi Mahlers, *Des Antonius von Padua Fischpredigt*, eða *Fiskiræðu Antoníusar frá Padova*. Textinn er kaldhæðinn í meira lagi; þegar guðsmaðurinn kemur að tómri kirkju heldur hann rakleitt að ströndinni og messar yfir fiskunum. Áhrifin eru ekki þau sem hann hafði vonast til; þeir

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sífónía Mahlers hefur tvisvar sinnum áður verið flutt hér á landi, á 40 ára afmælis-tónleikum SÍ í mars 1990 og á 60 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar árið 2010. Í fyrra skiptið stýrði Petri Sakari flutningnum; einsöngvarar voru Signý Sæmundsdóttir og Rannveig Fríða Bragadóttir, og Kór Íslensku óperunnar söng. Árið 2010 stjórnaði Rumon Gamba, en einsöngvarar voru Hillevi Martinpelto og Sarah Connolly ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju.